

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2516/2000****2002/EES/12/47**

frá 7. nóvember 2000

**um breytingu á almennum meginreglum evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfisins í bandalaginu frá 1995 (ESA-'95) að því er varðar skatta og framlög til félagslegra kerfa og um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96(\*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu <sup>(4)</sup> (ESA-'95) inniheldur viðmiðunarramma fyrir sameiginlega staðla, skilgreiningar, flokkanir og reikningsskilareglur sem beita skal við gerð þjóðhagsreikninga aðildarríkjanna vegna hagskýrsluþarfa bandalagsins svo að fá megi fram niðurstöður sem eru samanburðarhæfar milli aðildarríkjanna.
- 2) Í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96 eru sett fram skilyrðin fyrir heimild framkvæmdastjórnarinnar til að samþykkja breytingar á aðferðafræði ESA-'95 sem ætlað er að skýra og bæta innihald kerfisins.
- 3) Af þeim sökum er nauðsynlegt að vísa útskýringum á skráningu skatta og framlaga til félagslegra kerfa í ESA-'95 til Evrópuþingsins og ráðsins þar eð þessar útskýringar hafa í för með sér breytingar á grunnhugtökum.
- 4) Samkvæmt 2. gr. bókunar um málsmeðferð vegna of mikils fjárlagahalla sem varðar 104. gr. sáttmálans felur halli á ríkisfjármálum í sér nettólántöku hins

opinbera, eins og hún er skilgreind í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu (ESA).

- 5) Þegar það er talið mikilvægt geta hagskýrsluáætlunarnefndin (SPC), sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(5)</sup>, hagskýrslunefndin um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð (CMFB), sem var komið á fót með ákvörðun ráðsins 91/115/EBE <sup>(6)</sup>, og nefndin um verga þjóðarframleiðslu (VÞF-nefndin), gefið álit sitt á reikningsskilameðferð skatta og framlaga til félagslegra kerfa í einstökum löndum.
- 6) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina og hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð.
- 7) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á reglugerð (EB) nr. 2223/96 í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(7)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Tilgangur**

Tilgangurinn með þessari reglugerð er að breyta sameiginlegum meginreglum ESA-'95 að því er varðar skatta og framlög til félagslegra kerfa til að tryggja að gögn séu samanburðarhæf og gagnsæ milli aðildarríkjanna.

*2. gr.***Almennar meginreglur**

Við mat á áhrifum þeirra skatta og framlaga til félagslegra kerfa, sem skráð eru í kerfinu, á nettóútlán/nettólántöku hins opinbera skal ekki tekið tillit til fjárhæða sem ólíklegt er að verði innheimtar.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 30.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 21 E, 25.1.2000, bls. 68.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 75, 15.3.2000, bls. 19.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. apríl 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. júní 2000 (Stjtið. EB C 245, 25.8.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 3. október 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr 448/98 (Stjtið. EB L 58, 27.2.1998, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 59, 6.3.1991, bls. 19. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 96/174/EB (Stjtið. EB L 51, 1.3.1996, bls. 48).

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Í samræmi við það skulu áhrif skatta og framlaga til félagslegra kerfa, sem skráð eru í kerfinu á rekstrargrunni, á nettóútlán/nettóútlántöku hins opinbera vera, þegar til hæfilega langs tíma er litið, jafngild samsvarandi fjárhæðum sem raunverulega fást innborgaðar.

3. gr.

**Meðferð skatta og framlaga til félagslegra kerfa í reikningunum**

Hægt er að styðjast við tvenns konar heimildir við skráningu skatta og framlaga til félagslegra kerfa í reikningunum: fjárhæðir sem koma annaðhvort fram í skattaálagningu og -framtölum eða greiðslukvittunum.

- a) Ef stuðst er við skattaálagningu og -framtöl skal leiðrétta fjárhæðirnar með stuðli sem endurspeglar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem aldrei verða innheimtar. Önnur hugsanleg meðferð er að fjármagnsmillifærsla yfir í viðkomandi geira sé skráð sem jafngildi sömu leiðréttingar. Áætla skal stuðlana á grundvelli fyrri reynslu og þeirra væntinga sem gerðar eru hverju sinni að því er varðar álagðar og framtaldar fjárhæðir sem verða aldrei innheimtar. Mismunandi tegundir skatta og framlaga til félagslegra kerfa skulu hafa hver sinn stuðul. Hvert land ákvarðar stuðlana fyrir sig enda sé aðferðin háð fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna).
- b) Ef stuðst er við greiðslukvittanir skulu þær miðaðar við ákveðinn tíma þannig að rekja megi greiðsluna til þess tíma þegar starfsemin, sem gaf tilefni til skattskuldarinnar, átti sér stað (eða þegar skatturinn var ákvarðaður, að því er varðar suma tekjuskatta). Þessa leiðréttingu má byggja á meðaltali tímamismunarinnar milli starfseminnar (eða tímans þegar skattur er ákvarðaður) og tímasetningar kvittunarinnar.

4. gr.

**Sannprófun**

1. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal sannprófa að aðildarríkin komi í framkvæmd meginreglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
2. Frá og með árinu 2000 skulu aðildarríkin, fyrir lok hvers árs, láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) í té nákvæma lýsingu á þeim aðferðum sem þau hyggjast beita gagnvart hinum ýmsu flokkum skatta og framlaga til félagslegra kerfa til þess að framkvæma þessa reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2000.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

N. FONTAINE

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

L. FABIUS

*forseti.*

3. Aðferðirnar, sem beitt er og hugsanlegar breytingar, skulu háðar samkomulagi milli þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna).

4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal upplýsa hagskýrsluáætlunarnefndina, hagskýrslunefndina um peningamál, fjármál og greiðslujöfnuð og nefndina um verga þjóðarframleiðslu um aðferðir og útreikning framangreindra stuðla.

5. gr.

**Framkvæmd**

Framkvæmdastjórnin skal, innan 6 mánaða frá samþykkt þessarar reglugerðar, innleiða nauðsynlegar breytingar til að beita ákvæðum þessarar reglugerðar í texta viðauka A við reglugerð (EB) nr. 2223/96 í samræmi við málsmeðferðina í 4. gr. þeirrar reglugerðar.

6. gr.

**Málsmeðferð nefndar**

Í stað 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2223/96 komi eftirfarandi:

„4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrsluáætlunarnefndarinnar (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar greinar skulu 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir

3. Nefndin setur sér starfsreglur.“

7. gr.

**Gildistaka**

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

2. Aðildarríkjum er heimilt að fara fram á það við framkvæmdastjórnina að þau fái aðlögunartímabil, sem ekki sé lengra en tvö ár, til þess að samræma bókhaldskerfi sín þessari reglugerð.